

**Nd.**

**16. Framvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 45, 16. nóv. 1907, um skipun prestakalla.

Flutningsmenn: Sigurður Stefánsson og Jón A. Jónsson.

Í staðinn fyrir tölulið XIV, 48 komi tveir nýir töluliðir:

Ísafjörður: Ísafjarðarsókn.

Hóll: Hólssókn í Bolungavík.

### Ástæður.

Frumvarp samhljóða þessu var flutt á síðasta þingi, samkvæmt áskorun safnaðarfunda í báðum þeim sóknum, sem hjer eiga hlut að máli. Sömu leiðis lá þá fyrir þinginu einróma áskorun frá hjeradsfundi í Norður-Ísafjarðarprófastsdæmi með eindregnum meðmælum hjeradsprófasts og biskups. Allar hinar sömu ástæður, sem voru fyrir frumvarpi þessu 1919, eru enn fyrir hendi, og verður gerð nánari grein fyrir þeim í flutningi málsins í deildinni.